



## Vegna hitaveituframkvæmda í Lýtingsstaðahreppi

Skagafirði 23. janúar 2017

Ágæti viðtakandi.

Skagafjarðarveitur hafa staðið fyrir leit og dreifingu á heitu vatni í Skagafirði í rúm 20 ár og munu halda því áfram til hagsbóta fyrir íbúa. Á undanförmum árum hefur verið unnið ötullega að því að tengja hinar dreifðu byggðir sveitarfélagsins heitu vatni og er nú svo komið að um 90% af heimilum í sveitarfélaginu eru kynnt með heitu vatni.

Skagafjarðarveitur hafa mótað þá stefnu að þegar nýjum hitaveitum er komið á laggirnar í sveitarfélaginu sé stofnkostnaður greiddur niður á um 20 árum. Gengið er út frá því að orkuverð miðað við orkuveiningu (kr/kWh) til notenda verði það sama á öllum hitaveitusvæðunum. Þetta leiðir til þess að heimæðargjöld verða mis há eftir því hver stofnkostnaður hverrar veitu er.

Kostnaður við hitaveituframkvæmdir í Lýtingsstaðahreppi er áætlaður um 205 milljónir kr. og er fjármagnaður af Skagafjarðarveitum að hluta eftir þeim forsendum sem að ofan greinir, af heimæðargjöldum notenda og af styrk frá ríkissjóði sem tengdur er niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á viðkomandi svæði. Hluti þessa styrks rennur til þeirra sem skipta þurfa úr rafmagnsöfnum yfir í vatnsöfna vegna breytinganna. Þetta á aðeins við um þau hús sem njóta niðurgreiðslu til húshitunar í dag.

### Verðskrá heimæðargjalda vegna lagningu hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi: (öll verð eru án 11% virðisaukaskatts)

Íbúðarhús: 2.100.000.- fyrir íbúðarhús allt að 300m<sup>3</sup>  
1.750kr/m<sup>3</sup> fyrir hvern m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>

Sumarhús: 1.350.000.- fyrir sumar- og frístundahús allt að 300m<sup>3</sup>  
1.080kr/m<sup>3</sup> fyrir hvern m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>

Útihús: Tenging útihúsa greiðist alfarið af eiganda samkvæmt reikningi verktaka

Verðskrá þessi er í gildi í 10 ár eftir að framkvæmdum lýkur fyrir núverandi íbúðarhús eða íbúðarhús sem eru í byggingu á meðan hitaveituframkvæmdum stendur. Verðskráin er óverðtryggð þar til framkvæmdum lýkur en eftir það reiknast verðbætur samkvæmt byggingavísitölu. Áætluð verklok eru í október 2017.

Þar sem breyta þarf hitakerfum íbúðarhúsa úr rafmagnspilofnum í vatnsöfna verður greiddur styrkur að upphæð 352.000.- á hús allt að 300m<sup>3</sup> auk 530kr/m<sup>3</sup> á hvern m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>.

Ekki er hleypt á hús fyrr en heimæðargjald hefur verið greitt og eindagi reiknings er 3 mánuðum eftir tengingu húss. Aukaheimæðar í útihús greiðast alfarið af eigendum býlanna samkvæmt sérstökum samningi við verktaka. Eigendur sjá einnig um að affallsrör frá hitakerfi verði lagt út fyrir húsvegg og þangað sem henta þykir.

Verð heimæða er miðað við að 85-90 % húsa tengist veitunni ella verða heimæðargjöldin hærri.

Heita vatnið verður selt eftir rúmmetramæli.

Með þessu bréfi fylgir eyðublað (umsókn um heimæð) sem viðtakandi er beðin að fylla út og senda til baka í meðfylgjandi umslagi sem má setja beint í póst.

**Mjög áriðandi er að mögulegir notendur svari þessu bréfi sem fyrst en eigi síðar en 15. febrúar 2017, hvort sem þeir hyggjast tengjast veitunni eða ekki.**

Nánari upplýsingar eru veittar á heimasíður Skagafjarðarveitna, skv.is og í síma 455-6200.

Með bestu kveðju og von um ánægjuleg viðskipti í framtíðinni.

f.h. Skagafjarðarveitna  
Indriði Þór Einarsson  
Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs  
Sveitarfélagsins Skagafjarðar